



Dalvíkurbyggð

Ráðhúsinu
620 Dalvík

Breyting á aðalskipulagi Dalvík miðsvæði, umsögn

Yðar tilvísun: 454/2024

Vegagerðin hefur farið yfir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar, stækkun íbúðarsvæða 302-ÍB og 303-ÍB á Dalvík skv. tölvupósti dags. 16.4.2024.

Breyting við Ólafasfjarðarveg (82) samræmist ekki deiliskipulagi fyrir þjóðveginn sem hefur verið í vinnslu undanfarin ár þar sem gert er ráð fyrir að vegur færist til vesturs. Óbyggt svæði austan Lágarrinnar, milli botnlanga úr Karlsrauðatorgi og Hafnarbrautar, sem áætlað er að bera að íbúðarsvæði minnkar við þá breytingu. Einnig er bent á að það svæði er að stærstum hluta innan veghelgunarsvæðis Ólafsfjarðarveggar (Hafnarbrautar) og ekki er ráðlagt að vera með íbúðarhúsnæði svo nálægt stofnvegi. Svæði fyrir íbúðarsvæði við veg því mjög takmarkað.

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Á það við þótt mannvirki eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Vegagerðin leggur áherslu á að deiliskipulag þjóðveggar í gegnum þéttbýlið verði klárað sem fyrst, áður en frekari breytingar eru gerðar umhverfis veginn.

Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift